

Borgarráð

Tillaga um fyrirkomulag afsláttar til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018

Lagt er til að borgarráð samþykki að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2018 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar

Einstaklingur með tekjur allt að 3.910.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 5.450.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 3.910.000 til 4.480.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 5.450.000 til 6.060.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.480.000 til 5.210.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.060.000 til 7.240.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins og þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér að viðmið tekna til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega er hækkað um 25%. Í fyrirliggjandi tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði er gert ráð fyrir að það lækki í 0,18%. Þegar áhrif þessarar lækkunar ásamt áhrifum ofangreindrar tillögu um 25% hækkun tekjuviðmiða eru skoðuð saman, nemur heildarálagning fasteignaskatta 1.050 mkr á 10.832 elli- og örorkulífeyrisþega sem rétt eiga á afslætti og mun afsláttur í heild nema tæpum 489 mkr. Lækkun álagningarhlutfallsins þýðir um 67 mkr lækkun að auki. Að meðaltali er áætlað að þessi gjöld lækki um 50% hjá umræddum hópi elli- og örorkulífeyrisþega sem rétt eiga á afslætti.

Hefðbundið viðmið tekna til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega hefur verið sótt í ákvarðanir Tryggingarstofnunar ríkisins um hækkun bóta almannatrygginga sem nú er 13,8% vegna einstaklinga og 7,5% vegna hjóna (samsköttunar). Ef þetta viðmið hefði verið notað nú og álagningarhlutfall fasteignaskatta hefði verið óbreytt myndi áætlaður kostnaður borgarsjóðs vegna breytinga á árinu 2018 nema 373 mkr en var áætlaður vegna ársins 2017 um 326 mkr. Heildarálagning á umræddan hóp elli- og örorkulífeyrisþega myndi að óbreyttu fyrirkomulagi nema um 1.117 mkr, afslættir hópans

myndu nema um 373 mkr og hópurinn í heild sinni myndi greiða um 744 mkr.

Nýverið hækkaði Hafnarfjarðarbær viðmið tekna til lækkunar fasteignaskatts um 35%-56%. Í Hafnarfirði er álagningarhlutfall fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði 0,31% ásamt því sem ekki er veittur afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega af fráveitugjaldi eins og tíðkast í Reykjavík. Ef tekið væri upp sama fyrirkomulag í Reykjavík og í Hafnarfirði, þ.e. sömu tekjuviðmið til lækkunar fasteignaskatts, engin afsláttur af fráveitugjöldum og 0,31% álagningarhlutfall þá myndi heildarálagning á elli- og örorkulífeyrisþega nema um 1.382 mkr. Í útreikningunum er fasteignamat elli- og örorkulífeyrisþega í Reykjavík lækkað um 10% til að endurspegla fasteignamatið í Hafnarfirði. Afslættir hópsins myndu nema um 542 mkr og hópurinn í heild sinni myndi greiða um 839 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir meðalútgjöld elli- og örorkulífeyrisþega vegna fasteignaskatta og fráveitugjalda eftir tekjubilum einstaklinga. Sýndar eru þrjár leiðir þar sem leið 1 byggir á ofangreindri tillögu (núverandi tekjuviðmið eru hækkuð um 25%) og 0,18% álagningarhlutfalli. Í leið 2 eru núverandi tekjuviðmið hækkuð um 20% og einnig gert ráð fyrir 0,18% álagningarhlutfalli. Í leið 3 er svo miðað við samskonar fyrirkomulag og er í Hafnarfirði þ.e. notuð eru sömu tekjuviðmið, 0,31% álagningarhlutfall og engin afsláttur er veittur af fráveitugjöldum.

Meðalútgjöldv. fasteignaskatta og fráveitugjalda eftir tekjubilum einstaklinga	Leið 1	Leið 2	Leið 3	
	25% hækking tekjuviðmiða 0,18% álagningarhlutfall	20% hækking tekjuviðmiða 0,18% álagningarhlutfall	Fyrirkomulag Hafnarfjarðar	Munur milli leið 1 og leið 3
Neðri fjórðungsríktækna (<3.626.671)	0kr	0kr	50.132kr	-
Milli neðri og efri fjórðungsríktækna (3.626.671 - 5.182.418)	30.299kr	42.265kr	52.275kr	73%
Efri fjórðungsríktækna (>5.182.418)	128.403kr	129.884kr	167.055kr	30%

Útgjöld tekjulægsta fjórðung elli- og örorkulífeyrisþega eru engin í leið 1 og 2 vegna þess að árstekjur þessa hóps eru undir 3.626.671 kr. og því fá þessir einstaklingar 100% afslátt. Í leið 3 þar sem miðað er við fyrirkomulag Hafnarfjarðar eru útgjöld einstaklinga í tekjulægsta fjórðungnum um 50 þkr að jafnaði en það er vegna þess að fráveitugjöld eru undanþegin afslætti.

Meðalútgjöld elli- og örorkulífeyrisþega sem eru með árstekjur á milli neðri og efri fjórðungsmark, þ.e. með árstekjur á bilinu 3.626.671 til 5.182.418 krónur, eru lægst í leið 1 eða um 30 þkr að jafnaði en hæst í leið 3 eða um 53 þkr að jafnaði. Munurinn á milli leiða 1 og 3 er því um 73%.

Meðalútgjöld tekjuhæsta fjórðungsins þ.e. elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru með meira en 5.182.418 kr í árstekjur nema að jafnaði um 128 þkr í leið 1 og um 130 þkr í leið 2. Útgjöld hópsins í leið 3 eru hins vegar um 30% hærri en í leið 1 eða sem nemur 167 þkr.

Samskonar töflu má fá fyrir hjón (samsköttun):

Meðalútgjöld v. fasteignaskatta og fráveitugjalda eftir tekjubílum samskattaðra einstaklinga	Leið 1	Leið 2	Leið 3	Munur milli Leið 1 og leið
	25% hækkun tekjuviðmiða 0,18% álagningarhlutfall	20% hækkun tekjuviðmiða 0,18% álagningarhlutfall	Fyrirkomulag Hafnarfjarðar	
Neðri fjórðungsmörk tekna, (<6.422.886)	31.850 kr	40.851 kr	62.567 kr	96%
Milli neðri og efri fjórðungsmarka tekna, (6.422.886 - 9.043.560)	127.296 kr	136.785 kr	164.146 kr	29%
Efri fjórðungsmörk tekna (>9.043.560)	159.819 kr	159.819 kr	209.491 kr	31%

Eins og sést að framan þá eru útgjöld elli- og örorkulífeyrisþega almennt lægri í leið 1 samanborið við leið 3. Munar þar mestu um að ekki er veittur afsláttur af fráveitugjöldum í Hafnarfirði ásamt því sem álagningarhlutfallið er hærra.

Dagur B. Eggertsson